

Umhverfisvæn brúarsteypa

Gísli Guðmundsson, Tæknisetur

Ágrip

Aukin umhverfisvitund og aðgerðir í loftslagsmálum eru nauðsynlegar til þess að sporna gegn hækkun hitastigs á jörðinni. Sements- og steypuiðnaðurinn losar mikið af CO₂ út í andrúmsloftið. Þessi iðnaður vinnur nú hörðum höndum að því að minnka kolefnisspor steypu. Íslensk brúarsteypa er með tiltölulega mikið af sementi í m³ af steypu og þar af leiðandi með hátt kolefnisspor. Í dag eru lausnir í boði til þess að draga úr sementmagni í t.d. brúarsteypu með því að nota íauka í stað sements. Íaukar eru fímalað efni bæði náttúrulegt og afurðir úr iðnaðarferlum.

Markmið með þessu verkefni er að aðlagða brúarsteypu Vegagerðarinnar að steypu með lágu kolefnisspori, án þess að hafa áhrif á steypuframleiðslu, steypugæði og endingu mannvirkja.